

## Fundargerð Aðalfundar Foreldrafélags Leikskólans í Stykkishólmi 30. september 2021 kl. 20.00

Mættir eru Klaudia formaður, Ingunn gjaldkeri, Anna Margrét ritari, Elva Rún stjórnarmeðlimur ásamt Sigrúnu leikskólastjóra og Elísabet Láru aðstoðarleikskólastjóra. Á fundinn vantar Ósk.

Gestir fundar eru 10.

Fundarstjóri er skipaður Elísabet Lára.

Sigrún leikskólastjóri hefur fundinn með skýrslu af leikskólastarfinu. Segir frá viðbyggingunni sem er í byggingu en nú er verið að klára leikskólann eftir þeirri hönnun sem upphaflega lá fyrir m.v. fjórar deildir. Til stendur að deildin Bakki flytji í viðbygginguna þegar hún verður tekin í notkun. Kálfinn sem nú hýsir Bakka mun leikskólinn nýta áfram undir annað starf. Um áramót verða 87 börn á leikskólanum. 30 starfsmenn eru við skólann í ýmsum stöðugildum, þar af 12 kennarar með háskólamenntun. Nokkrir starfsmenn eru í námi til kennsluréttinda. Tvítýngdir nemendur eru 20, tæp 23% af heildarfjölda nemenda. Breytilegur vistunartími er nýmæli hjá leikskólanum. Leikskólinn vinnur að innra mati um þessar mundir. Starfsmenn af erlendum uppruna fá námskeið í íslensku greitt af leikskólanum. Sigrún stiklar á stóru um starfið í leikskólanum.

Skýrsla stjórnar og reikningar eru birtir hér að neðan:

*Þessir síðastliðnir tveir vetur hjá foreldrafélaginu hafa verið heldur viðburðalitlir vegna Covid-19. Þá dattu út ýmsir viðburðir t.d. sveitaferð, páskaeggjaleit og aðrir hlutir sem foreldrafélagið er vant að sjá um.*

*Við munum fara yfir tvö starfsár foreldrafélagsins.*

### **Á starfsári 2019-2020**

*Byrjun vetrar fengu börnin að sjá leiksýninguna um Einar Áskell.*

*Síðan í desember buðum við uppá jólaföndur og veitingar með því líkt og tíðkast.*

*Jólasveinninn færði börnunum gjafir sem voru keyptar hjá forlaginu. Yngri börnin fengu bókina „Í skóginum stóð kofi einn“ og eldri börnin fengu bókina „Giltrutt“.*

*Leikskólinn fékk svo 5 jógadýnur, teppi og kotta að gjöf frá foreldrafélaginu til þess að geta boðið uppá slökun fyrir börnin.*

*Í upphaf árs urðum við svo að draga starfsemina í hlé vegna Covid 19. Í stað hefðbundinna viðburða líkt og páskaeggjaleit og sveitaferð þá var brugðið á það ráð að gefa börnunum sumargjafir.*

*Útgjöld foreldrafélagsins fyrir starfsár 2019-2020 voru rúmar 325.000 kr.*

## **Á starfsári 2020-2021**

*Þessi jólin gátum við ekki boðið uppá hefðbundið jólaföndur vegna Covid. En leikskólinn tók það að sér að bjóða uppá jólaföndur fyrir börnin en við keyptum veitingar fyrir börnin, mandarínur og smákökur.*

*Jólasveinninn færði börnunum jólagjafir frá Forlaginu og foreldrafélagið gaf starfsfólki leikskólans smá veitingar vegna álags sökum Covid 19.*

*Yngra stigið fékk bókina „Litróf dýranna“ og eldra stigið fékk bókina „Tröll“.*

*Þetta árið gátum við boðið uppá Páskaeggjaleit, ákveðið var að versla páskaegginn í gegnum X-ið þar sem þeir stóðu í fjáröflum fyrir ferð sem stefnt var að fara í.*

*Foreldrafélagið gaf síðan leikskólanum gjafir sem nýttast í starfi leikskólans.*

*Hengirúm fyrir útikennsluna og ýmiss þroskaleikföng líka og Legó, seglakubba og burstakubba.*

*Í maí kom svo leikhópurinn Flækja og setti upp sýningu fyrir börnin.*

*Á hverju ári tekur foreldrafélag þátt í kostnaði af danskennslunni sem eru 1/3 af heildarverði ásamt því að kaupa bangsann Blæ fyrir nýja nemendur.*

*Heiða María Elfarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur heldur fyrirlestur um helstu smitsjúkdóma barna á aðalfundi foreldrafélagsins.*

*Útgjöld leikskólans þetta skólaárið voru 378.000 og það sem eftir situr í sjóði er 531.500 kr.*

*Greiðslur foreldrafélagsins eru kr. 450 á mánuði, við munum leggja til að sú upphæð haldist óbreytt. Fundurinn samþykkti það.*

**Kosning stjórnar:** Heiða María býður sig fram til formanns. Kristín Rós tekur að sér gjaldkerastjóðu. Klaudia tekur að sér ritarastöðu. Lea Bernadette og Elfa Dögg bjóða sig fram til meðstjórnanda. Ingunn, Ósk, Elva Rún og Anna Margrét víkja úr stjórninni.

**Önnur mál:** Spurt er um nemendafjöldann og laus pláss á leikskólanum og stjórnendur segja frá því að leikskólinn sé fullur. Það verður bót á því þegar viðbyggingin verður tekin í gagnið. Kálfurinn hefur fengið nafnið Bakkasel. Áætlað er að hægt verði að taka nýju deildina í gagnið í byrjun mars 2022.

Spurt er um hvort auka eigi bílastæði við leikskólann. Sigrún segir það ekki vera á planinu, það hafi nýverið verið gert en að slíkt megi alltaf skoða.

Fundi er slitið kl. 20.33 og við tekur fyrirlesari kvöldsins, Heiða María Elfarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur með fyrirlestur um helstu smitsjúkdóma barna.